

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. mars 2023

Mál nr. S-5157/2022:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kári Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Óla Þór Olsen

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 1. febrúar sl., er höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 8. nóvember 2022, á hendur Óla Þór Olsen, kt. [...], [...], fyrir eftirtalin brot:

„fyrir hótanir, með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 15. júlí 2020, hringt í A, kt. [...], og hótad að rústa A og fjölskyldu hennar og var þetta til þess fallið að vekja hjá A ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, til vara að ákærði verði sýknaður en til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Þann 15. júlí 2020 kom brotapolí, A, á lögreglustöð til þess að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir hótanir sem hafi átt sér stað þann sama dag, en hún kvaðst hafa

orðið fyrir áreiti með símhringingum af hálfu ákærða sem hefði stigmagnast. Hún kvað ákærða hafa hótad sér í símtali þennan dag og m.a. sagt að hann myndi ganga frá henni og stúta þrátt fyrir öryggismyndavélar heima hjá henni, eða hann myndi fá einhvern annan til þess. Hún sagði ákærða upphaflega hafa haft samband við sig fyrir tveimur árum vegna starfs hennar sem [...]. Hann hefði svo farið að hafa samband við hana vegna fleiri mála og m.a. komið til hennar í viðtal, en hún hefði þá haft annan mann með sér vegna öryggis síns. Ákærði hefði samband við hana bæði á daginn og kvöldin og stöðug aukning hefði verið í þessu. Hún hefði haft stúdentaíbúðir til leigu og skyndilega hefði ákærði verið leigutaki þar. Hann hefði þó farið úr því húsnæði með góðu. Eftir það hefði hann farið að hringja meira og úr fleiri símanúmerum. Kvöldið áður hefði hann hringt og hótad B. Hún hefði sent B tölvupóst og látið hann vita af þessu. Ákærði hefði hótad því að ganga frá B og fjölskyldu hans vegna þess að hún væri vinkona hans. Ákærði hefði svo hringt þennan sama dag, mjög æstur og illur. Hann hefði sagt: „Ég mun rústa þér hvar sem þú ert, þrátt fyrir öryggismyndavélar.“ Þá hefði hann einnig hótad að rústa fjölskyldu hennar. Henni hefði verið verulega órótt vegna þessa. Ákærði hefði hringt úr símanúmerinu [...] kl. 15:42. Skömmu síðar eða kl. 15:52 hefði hann hringt aftur úr sama símanúmeri en þá hefði eiginmaður hennar svarað. Ákærði hefði þó einnig hringt í millitíðinni. Eiginmaður hennar hefði gert ákærða grein fyrir því að hann skyldi aldrei hringja aftur með svona hótanir. Engu að síður hefði hann hringt aftur og þá úr símanúmerinu [...]. Hann hefði svo hringt tvisvar aftur úr sama númeri og áður.

Í kjölfar framangreindrar kæru var ákærða gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola til 16. janúar 2021. Brotþoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 25. janúar 2021 þar sem hún kvað ákærða aftur vera farinn að valda sér ónæði, en lát hefði verið á meðan á sex mánaða nálgunarbanni hefði staðið. Hann hringdi nú úr ýmsum símanúmerum og hefði jafnframt sent henni tölvupóst. Mikið ónæði væri af þessu og áhyggjur hennar hefðu blossað upp.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði kvaðst upphaflega hafa rætt við brotþola símleiðis vegna starfs hennar þar sem hann hefði talið starfsmann [...] brjóta á sér. Brotþoli hefði tekið honum vel og sagt að hann mætti alltaf leita til hennar. Nokkru síðar hefði hann leigt íbúð sem fyrir tilviljun hefði verið í eigu brotþola. Hann hefði síðan einu sinni hitt hana á fundi ásamt samstarfsmanni hennar. Hún hefði viljað hjálpa honum og ákveðið að tala við þá sem hefðu brotið á honum hjá [...]. Hún hefði sagt honum að hann mætti hafa samband við

sig og honum hefði fundist eins og hún vildi meiri afskipti. Hann hefði hringt í hana 15. júlí 2020 þar sem hann hefði heyrt að hún væri að hringja á [...], spyrja um hann og bera út að hann þekkti lögreglustjóran. Með því væri hún að skaða orðspor hans. Hann hefði verið ósáttur við hana og sagt að hún væri að tala hann niður. Hann hefði spurt hvort hún vildi lenda í svipuðu, þ.e. að ósannindi væru borin út um hana. Annars kvaðst hann ekki muna allt símtalið vel enda legði hann ekki á minnið símtöl sem ekkert markvert kæmi fram í. Hann kannaðist ekki við að hafa verið reiður í símtalinu en hann gæti þó hafa hækkað róminn. Þá neitaði hann því að hafa minnst á heimili brotþola eða fjölskyldu eða að hafa tala um að rústa henni. Hún gæti þó hugsanlega hafa skilið hann með þeim hætti en það væri ekki fólgin hótun í því. Hann hefði hringt aftur skömmu síðar og þá hefði eiginmaður hennar svarað og sagt að hún myndi kæra ef hann hringdi aftur. Hann kvaðst ekki viss hvort hann hefði, á þessum tíma, vitað hvar brotþoli bjó, en hélt ekki. Eftir atvikið hefði hann sent brotþola tölvupóst og hugsanlega reynt að hringja í hana. Hann hefði sagt henni að svara sér ekki en hún hefði engu að síður gert það. Spurður um ástand sitt þennan dag kvaðst hann ekki hafa verið í neyslu en hann tæki stundum of mikið af lyfjum sem hann hefði fengið ávísað vegna [...], [...] og [...]. Svo gæti hafa verið þennan dag. Stundum þegar hann tæki of mikið af lyfjum hringdi hann of oft. Þess vegna hefði hann beðið brotþola um að svara sér ekki. Þá hefði hann líklega verið í sjálfskaðandi ástandi á þessum tíma. Hann greindi frá bættum högum sínum í dag.

Brotþoli, A, kvað ákærða upphaflega hafa leitað til hennar snemma árs 2020, vegna starfs hennar sem [...], og viljað ræða sín mál. Hún hefði reynt að leiðbeina honum með það sem félli undir hennar verksvið. Hann hefði einnig viljað ráð vegna fleiri hluta, en oftast ekki nýtt sér ráðin. Ákærði hefði verið í miklum samskiptum við hana og hún hefði orðið fyrir miklu áreiti af hans hálfu. Hann hefði til að mynda farið að hringja í hana öllum stundum, líka um helgar og seint á kvöldin. Hann hefði hringt í hana úr mismunandi símanúmerum þannig að hún hefði ekki vitað hver væri að hringja. Hann hefði einu sinni komið til hennar á fund og vegna ótta hennar við hann hefði hún fengið samstarfsmann sinn til að vera viðstaddan. Hún hefði á endanum fengið nálgunarbann en hann hefði haft samband á ný eftir að því hefði lokið.

Þennan dag í júlí 2020 hafi hún fengið símtal frá ákærða og verið verulega brugð-ið. Hann hefði verið reiður og æstur og nær óþekkjjanlegur. Henni hefði strax brugðið við að heyra í honum. Hann hefði verið í uppnámi gagnvart henni fyrir að hafa líkað við færslu hjá B á Facebook. Hann hefði áður verið æstur í samskiptum þeirra en aldrei svona. Hann hefði sagst vilja hefna sín á henni og fjölskyldu hennar og rústa þeim. Hann

myndi koma heim til hennar þótt það væru öryggismyndavélar við húsið. Ef hann gerði það ekki sjálfur fengi hann aðra til þess að gera það, hvort sem það væri heima hjá þeim eða úti í bæ. Hann hefði ítrekað sagt að hann ætlaði að rústa henni, stúta eða ganga frá henni og fjölskyldunni. Hún hefði skilið þetta þannig að hann ætlaði að ráðast á hana og fjölskyldu hennar með einum eða öðrum hætti og orðið mjög skelkuð. Hún hefði tekið hótuninni alvarlega og liðið mjög illa vegna hennar. Þegar símtalið hefði átt sér stað hefði hún verið stödd á heimili foreldra sinna ásamt systur sinni. Hún hefði strax sagt systur sinni hvað hefði gerst og farið svo fljótt heim og rætt við eiginmann sinn. Ákærði hefði hringt í hana skömmu síðar en eiginmaður hennar hefði svarað. Eiginmaður hennar hefði tekið þessu alvarlega enda hefði hótunin einnig beinst að fjölskyldu hennar. Brotapoli taldi að ákærði hefði vitað hvar hún ætti heima þar sem það hefði komið fram í samtölum við hann að hann byggi nálægt henni. Eftir þetta atvik hafi hún aukið öryggisráðstafanir í kringum sig.

Vitnið C, eiginmaður brotþola, kvað brotþola hafa mátt sæta áreiti af hálfu ákærða um rúmlega tveggja ára skeið. Hún hefði t.d. einu sinni fengið 18 símtöl frá honum á einum sólarhring. Hann hefði hringt úr mörgum símanúmerum og oft seint á kvöldin. Umræddan dag hefði brotþoli verið með systur sinni á heimili foreldra þeirra. Hún hefði komið heim í uppnámi og áhyggjufull. Hún hefði sagt frá því að ákærði hefði hringt æstur og talað illa um vin þeirra, B, sem þá hefði verið lögreglustjóri í [...]. Svo hefði hann sagt grófa hluti og verið með líflátshótanir. Hún hefði sagt ákærða að hann skyldi ekki tala svona um nokkurn mann en ákærði hefði þá viðhaft ummæli um að rústa henni og fjölskyldunni eða fá einhvern annan til þess. Hún hefði spurt hvort ákærði vissi hvað hann væri að segja og hann þá sagt já og að hann ætlaði að gera þetta. Brotapoli hefði verið miður sín yfir þessu. Fljótlega eftir að hún hefði komið heim hefði síminn hennar hringt og hann hefði ákveðið að svara. Það hefði verið ákærði og vitnið hefði sagt ákærða að hann þyrfti að hætta en að öðrum kosti þyrftu þau að kæra. Ákærði hefði ekki séð neitt athugasvert við hegðun sína. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir breytingum á brotþola eftir þetta. Hún væri orðin varari um sig, hefði áhyggjur af læsingum o.fl.

Vitnið D, systir brotþola, kvaðst hafa verið með brotþola er hún hefði fengið símtalið. Hún hefði strax séð að eitthvað var að, en systir hennar hefði orðið orðlaus, hvítnað og lympast niður í stól. Vitnið hefði talið að eitthvað alvarlegt hefði gerst og farið að leggja við hlustir. Þetta hefði virst þungt og erfitt símtal. Systir hennar hefði farið að malda í móinn og biðja viðkomandi um að tala ekki svona við sig heldur láta sig í friði. Hún hefði upplifað að systir hennar væri skelkuð. Að símtalinu loknu hefði

brotapoli sagt henni frá því hver hefði hringt og hvað hefði átt sér stað. Brotapoli hefði lýst því að ákærði hefði hótad henni og allri fjölskyldunni. Hann hefði tekið fram að ef hann gæti ekki sjálfur ráðist á hana myndi einhver annar gera það og að það skipti ekki máli þótt það væru myndavélar. Vitnið kvaðst sjálf hafa orðið skelkuð og tekið þetta nærri sér, enda gæti hugtakið fjölskyldan náð yfir hana sjálfa, auk þess sem þær brotapolu væru tvíburar og ekki ólíkar í útliti. Eftir þetta atvik hefði hún tekið eftir miklum breytingum á brotapolu. Hún hefði orðið vör um sig og t.d. beðið hana um að bíða eftir að hún færi inn þegar henni var skutlað heim og opnaði ekki útidyrnar þegar hún væri heima nema að vita hver væri fyrir utan. Vitnið hefði sjálf orðið vör um sig eftir þetta og m.a. fengið sér öryggiskerfi.

Vitnið E kvaðst hafa starfað með brotapolu er ákærði hefði byrjað að hafa samband við hana. Hún hefði verið að reyna að aðstoða ákærða. Hann hefði þó ekki vitað hvað hefði gengið á fyrr en hún hefði óskað þess að hann kæmi með á fund með ákærða þar sem hún væri fremur óttaslegin. Brotapoli hefði lýst miklum og ágengum samskiptum frá ákærða á mismunandi tímum sólarhringsins. Á fundinum með ákærða hefði verið greinilegt að hann ætti erfitt og að hann hefði verið ákafur í að greina frá því sem hann hefði lent í. Vitnið kvaðst stundum hafa þurft að stöðva ákærða. Eftir fundinn hefði brotapoli beðið ákærða um að hafa ekki samband fyrr en næstkomandi mánudag, en þá ætlaði hún að vera búin að kanna tiltekið mál. Ákærði hefði ekki virt það. Brotapoli hefði síðan greint vitninu frá atvikinu í júlí. Vitnið hefði tekið eftir breytingum á henni eftir þetta. Hún hefði verið óttaslegin og til að mynda alltaf viljað mæta á fundi í samfloti með öðrum.

Vitnið B kvað brotapolu hafa haft samband við sig eftir atvikið um miðjan júlí 2020. Hún hefði lýst því að ákærði hefði verið að angra hana og ónáða verulega. Ákærði hefði síðan hringt í hana og hótad henni og fjölskyldu hennar. Brotapoli hefði sagt að ákærði hefði sagst ætla að ganga frá henni og fjölskyldunni en hann vissi hvar þau byggju. Hún hefði verið í miklu uppnámi og virst slegin. Greinilegt hefði verið að hún hefði tekið þessu alvarlega. Vitnið kvaðst sjálfur kannast við ákærða og hafa fengið hótanir frá honum. Ákærði hringi ennþá reglulega, stundum eldsnemma morguns. Þá vissi hann til þess að ákærði hefði hótad fleirum og jafnvel gengið svo langt að skemma eigur þeirra, en þessi mál hefðu komið inn á borð til vitnisins í fyrra starfi hans.

Lögreglumaður nr. [...] tók á móti brotapolu er hún kom á lögreglustöð til að kæra hótanir. Hún hefði verið hrædd og sagt frá grófum hótunum í sinn garð og fjölskyldu sinnar. Hún hefði lýst því að ákærði hefði sagst ætla að rústa henni þrátt fyrir

öryggismyndavélar. Ákærði hefði í framhaldi verið handtekinn. Hann hefði leyft skoðun á símanum sínum og viðurkennt að hafa hringt í brotaþola. Símanúmerin sem hann hefði notað til að hringja í hana hefðu verið skráð í símtækið hans. Skoðun hefði leitt í ljós mikil samskipti við brotaþola. Í fyrstu hefði ákærði ekki áttað sig á hverjum hann ætti að hafa hótad og hefði þulið upp nokkur hugsanleg nöfn.

Niðurstaða

Ákærða eru í málinu gefnar að sök hótanir með því að hafa hringt í brotaþola og hótad að rústa henni og fjölskyldu hennar. Ákærði neitar sök. Hann krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, til vara sýknu og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa.

Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar það sektum eða fangelsi ef maður hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra.

Frávísunarkrafa ákærða byggist á því að ekki séu uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem broti því sem ákærða sé gefið að sök sé ekki lýst með nægjanlega skýrum hætti. Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga þurfi hótunin að hafa lotið að því að fremja refsiverðan verknað. Nauðsynlegt sé að fram komi hvaða refsiverða verknaði sé hótad. Orðalagið sem ákærða sé gefið að sök að hafa notað geti haft ýmsar mismunandi merkingar, en feli sem slíkt ekki í sér refsiverðan verknað.

Í ákæru er þeirri háttsemi lýst sem talin er refsiverð en þar er því lýst að ákærði hafi hótad að „rústa“ brotaþola og fjölskyldu hennar. Verður sú tilgreining talin nægjanleg og ekki þörf á því að ákæran tilgreini hvort með því sé verið að hóta lífláti eða líkamsmeiðingum eða öðru hegningarlagabroti. Það á hins vegar undir efnislega túlkun hvort með þessu sé verið að hóta refsiverðum verknaði. Verður frávísunarkröfu ákærða því hafnað.

Ákærði hefur gengist við því að hafa hringt í brotaþola á umræddum tíma, en hafnar því að hafa hótad henni með nokkrum hætti. Hann kvaðst hafa talið að hún hefði breitt út ósannindi um sig og spurt hvort hún vildi lenda í því sama. Þá sagði hann að verið gæti að hann hefði hækkað róminn í símtalinu. Hann kannaðist ekki við að hafa talað um að rústa neinum en taldi þó mögulegt að brotaþoli hefði skilið hann með þeim

hætti. Við skýrslugjöf hjá lögreglu daginn eftir atvikið kvaðst ákærði hins vegar ekkert muna eftir símtalinu og teldi að hann hefði verið í hálfgerðu geðrofi.

Brotapoli lýsti því aftur á móti að ákærði hefði hóttaði því að „rústa“ eða „ganga frá“ henni og fjölskyldu hennar. Samtal þeirra átti sér stað í síma og engin vitni voru að því. Hins vegar var systir brotapola með henni, sá svipbrigði hennar og heyrði hvað hún sagði. Taldi systirin augljóst að eitthvað alvarlegt væri um að vera og kvaðst hafa talið brotapola óttaslegna. Þá hefði brotapoli, þegar að símtalinu loknu, upplýst systurina um hvað hefði gerst, sem hún lýsti með sama hætti og brotapoli. Þá lýsti brotapoli símtalinu með sama hætti fyrir eiginmanni sínum strax í kjölfarið og skömmu síðar fyrir lögreglu og öðrum vitnum. Þá er ljóst af framburði fyrir dómi að hegðun brotapola tók talsverðum breytingum í kjölfar símtalsins en nokkur vitni hafa lýst því að hún hefði farið að óttast um öryggi sitt og gera ýmislegt til að gæta þess.

Með framangreindum stöðugum og trúverðugum framburði brotapola sem fær stoð í framburði vitna, eins og að framan greinir, en gegn neitun ákærða, er sannað að ákærði viðhafði þau ummæli sem honum er gefið að sök.

Ákærði ber því við að ekki hafi falist hótun í orðum hans umræddan dag. Þá feli orðið að „rústa“ ekki í sér refsiverða háttsemi en merking þess geti verið margs konar. Við mat á þessu orðalagi ákærða verður að líta til samskiptanna milli ákærða og brotapola í heild. Fram er komið að ákærði var ósáttur við brotapola og virðist hafa hækkað róminn. Við þessar aðstæður og í samhengi við það sem bæði ákærði og brotapoli hafa borið um umræðuefnið verður að telja að í þessu hafi falist hótun um einhvers konar refsiverðan verknað, hugsanlega líflát eða líkamsmeiðingar, og að þessi hótun hafi verið til þess fallin að valda hjá brotapola ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína og fjölskyldu sinnar. Kom það enda skýrt fram hjá brotapola að hún tók þessari hótun alvarlega og óttaðist mjög hvað ákærði kynni að aðhafast gagnvart henni og fjölskyldunni.

Með hliðsjón af framangreindu er sannað að ákærði hóttaði brotapola eins og lýst er í ákæru. Verður hann því sakfelldur og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 2. nóvember 2022, hefur hann einu sinni gengist undir lögreglustjórásátt og einu sinni hlotið dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot það sem ákærði er nú sakfelldur fyrir var framið fyrir uppkvaðningu framangreinds dóms og verður ákærða því gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá

uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 572.508 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun fyrri verjanda, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, 135.594 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kári Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Óli Þór Olsen, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 572.508 krónur, og þóknun fyrri verjanda, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, 135.594 krónur.

Barbara Björnsdóttir